

Fréttatilkynning Opín Kerfi Group hf - 25.febrúar 2008
 Ársreikningur 1.janúar -31.desember 2007

Stjórn Opín Kerfi Group hf hefur gengið frá ársreikningi félagsins fyrir tímabilið 1.janúar – 31.desember 2007 og hefur hann fengið fyrirvaralausá könnunaráritun löggiltra endurskoðenda þess. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla IFRS.

	Árið 2007	Árið 2006	Árið 2005	Árið 2004	Árið 2003
Rekstur:					
Rekstrartekjur	8.444	9.851	11.516	14.763	11.756
Rekstrargjöld án afskrifta	(8.599)	(9.700)	(11.137)	(13.958)	(11.173)
EBITDA	(155)	151	379	805	583
Afskriftir og niðurfærsla	(689)	(80)	(76)	(418)	(529)
EBIT	(844)	71	303	387	54
Fjármunatekjur (gjöld)	(78)	(103)	(46)	(62)	(249)
Afkoma fyrir tekjuskatt	(922)	(32)	257	325	(195)
Tekjuskattur	(9)	8	(42)	(101)	9
Tap vegna áframhaldandi starfsemi	(931)	(24)	0	0	0
Hagnaður af aflagðri starfsemi	1.100	100	0	0	0
Hagnaður (tap) ársins	169	76	215	224	(186)
	31.12. 2007	31.12. 2006	31.12. 2005	31.12. 2004	31.12. 2003
Efnahagur:					
Fastafjármunir	1.795	2.736	2.122	3.758	4.124
Veltufjármunir	2.504	3.408	2.812	3.530	3.196
Eignir alls	4.299	6.144	4.934	7.288	7.320
Eigið fé	1.878	1.778	1.465	2.597	2.313
Langtímaskuldir	263	1.184	1.060	1.437	1.778
Skammtímaskuldir	2.158	3.182	2.409	3.254	3.229
Eigið fé og skuldir alls	4.299	6.144	4.934	7.288	7.320
Sjóðstreymi:					
Handbært fé (til) frá rekstri	(8)	(34)	234	883	340
Kennitölur:					
Veltufjárhlutfall	1,16	1,07	1,17	1,08	0,99
Eigiðfjárhlutfall	43,7%	28,9%	29,7%	36,0%	31,6%
Arðsemi eigin fjár	9,0%	5,2%	15,5%	12,5%	(21,1%)

Opín Kerfi Group hf

Heildarvelta Opín Kerfi Group á árinu 2007 var 10.875 milljónir króna, samanborið við 13.100 milljónir króna árið 2006 þar af nemur hlutdeild aflagðrar starfsemi 2.432 milljónum króna á árinu 2007 og 3.248 milljónum króna á árinu 2006. Í október sendi félagið alla eignarhluti sína í Opín kerfi ehf. og eftir það eiga allar tekjur þess uppruna sinn í erlendri starfsemi félagsins en árinu áður var það hlutfall í kringum 75%. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var neikvæð um 155 milljónir króna samanborið við 150 milljónir í hagnað árið áður. Forráðamenn félagsins gera ráð fyrir að rekstur félagsins verði töluvert betri á yfirstandandi ári en á árinu 2007.

Hagnaður samstæðunnar eftir skatta og óreglulega starfssemi var 169 milljónir króna á tímabilinu en var á fyrra ári 76 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall félagsins er 43,7% og arðsemi eigin fjár 9,0% sem er hærra en á fyrra ári. Fjöldi starfsmanna var á fyrri hluta ársins um 470 en er eftir sölu Opín Kerfi ehf á seinni helmingi ársins um 330 starfsmenn.

Dótturfélög

Opin Kerfi Group hf samanstendur í dag af móðurfélaginu, tveimur eignarhaldsfélögum og tveimur rekstrarfélögum sem eru Kerfi AB í Svíþjóð og Kerfi A/S í Danmörku. Á seinni helmingi ársins var rekstrarfélagið Opín Kerfi ehf á Íslandi selt frá móðurfélaginu og er ekki lengur hluti af Opín Kerfi Group hf.

Kerfi AB

Velta Kerfi AB í sænskum krónum talin hefur lækkað úr 716mkr í 645mkr. EBIDTA lækkaði verulega milli ára eða úr 14.7m SEK í -2,8m. Hér ræður helst skipti um forstjóra á árinu en af því hlaust töluverður kostnaður en ekki tókst að skera niður kostnað til samræmis við minnkandi veltu stórra viðskipavina félagsins.

Horfur í Svíþjóð eru að tekjurnar muni aukast á árinu og er unnið að lækkun kostnaðar og endurskipulagningar í rekstri. Horfur er á að afkoman verði mun betri í ár. Stoðir félagsins voru styrktar með auknu framlagi frá móðurfélagi.

21.nóvember 2007 tók nýr forstjóri, Harri Kahkonen, til starfa.

Kerfi A/S

Velta Kerfi A/S hefur lækkað milli ára og er nú 2.394 milljónir króna en var á sama tímabili í fyrra 3.025 milljónir. EBITDA er neikvæð um 76milljónir króna en var á sama tímabili í fyrra jákvæð um 25milljónir. Miklar breytingar voru hjá fyrirtækinu á árinu, forstjórinn Carsten Egeberg sagði upp í júlí og kemur til með að starfa fyrir keppinaut nú þegar skyldum hans við fyrirtækið lýkur. Á tímabilinu fram til 1.febrúar gegndu 3 forstöðu í fyrirtækinu til skamms tíma eða allt þar til núverandi forstjóri var ráðinn hinn 1.febrúar sl.

Gert er ráð fyrir betri afkomu í Danmörku á árinu og unnið er að stefnumótun og endurskipulagningu fyrirtækisins.

Móðurfélagið styrkti stoðir félagsins með auknu framlagi á árinu.

Forstjóri Kerfi A/S ráðinn 1.febrúar 2008, er Steen Louis Reinholdt

Í stjórn Opín Kerfi Group hf sitja Þórdís Sigurðardóttir formaður, Aðalsteinn Valdimarsson, Soffía Lárusdóttir og Sveinn Andri Sveinsson. Elín Þórðardóttir er forstjóri Opín Kerfi Group hf (elintho@simnet.is) og veitir hún nánari upplýsingar í síma 898 6319